

**Nr. 084 / 13 Torfi SH 139****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6355  
Smíðaður: Finnland 1982, plast  
Stærð: 7,26 brl. 6,67 bt.  
Mesta lengd: 8,99 m Skráð lengd: 8,90 m  
Breidd: 2,72 m Dýpt: 1,58 m  
Vél: Leyland 34 kW, 1982  
Fjöldi skipverja: 1



Torfi©Fiskifrétir

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmarí Snorrasyni. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 11. júní 2013 var Torfi SH 139 á strandveiðum á Breiðafjarðarmiðum. Veður: Hægviðri.

Þegar verið var að veiðum á Gránufelli varð skipstjóri var við að það kúplaði ekki að skrúfu. Hann sá að vökvakerfisolía var niðri í kjöl og það lak með öxulpakkningu út úr gírhúsinu. Þó svo hann hefði varaolíu mat hann það svo að lekinn væri það mikill að kúplingsdiskurinn myndi slúðra og skemmast. Hann hafði því samband við strandstöð og óskaði eftir aðstoð og þegar Erla SH 51 var á landleið kom hún og dró Torfa til Stykkishólms.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri vissi að öxulpakkningin var orðin skemmd enda hafði hann þurft að bæta á gírinn og var því með varabirgðir af olíu um borð. Hann hafi reglulega þurft að bæta á gírinn og vonaðist til að það nægði þá fáu daga sem júní úthaldið varði;
- að sögn skipstjóra hafði brotnað upp úr öxulfóðringu svo pakkdósinn skemmdist og fór að leka. Skipt hafði verið um kúplingsdisk þremur árum áður.

**Nefndarálit:**

Nefndin telur að skipstjórinn hafi með athæfi sínu ógnað öryggi skips með því að gera ekki við bilun sem hann vissi um.